



**45. fundur Heimastjórnar Fljótshéraðs
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 4. apríl 2024
og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202211078 - Byggingarnefnd menningarhúss, Safnahús á Egilsstöðum

Á fundinn undir þessum lið mætti Rúnar Matthíasson, á umhverfis- og framkvæmdasviði sem fór yfir stöðuna á framkvæmdum við Safnahúsið á Egilsstöðum.

Heimastjórn Fljótshéraðs þakkar Rúnari fyrir kynninguna.

2. 202402065 - Landbótasjóður 2024

Fyrir liggur til kynningar fundargerð aðalfundur stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs sem fram fór mánudaginn 7.2.2024. Einnig ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2023. Á fundinn undir þessum lið mætti Þorvaldur P. Hjarðar formaður Landbótasjóðs.

Heimastjórn Fljótshéraðs þakkar Þorvaldi fyrir greinargóða yfirferð á störfum Landbótasjóðs.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202401014 - Samfélagsverkefni heimastjórna 2024

Fyrir liggja 17 hugmyndir að samfélagsverkefnum á Fljótshéraði, frá íbúum sveitarfélagsins, en frestur til að skila inn slíkum hugmyndum var til 28.2.2024. Einnig liggur fyrir tillaga að vali verkefna og tilvísun verkefna til deilda sveitarfélagsins. Málið var áður á dagskrá síðasta fundar heimastjórnar.

Heimastjórn Fljótshéraðs felur starfsmanni að ganga frá tillögunni í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202401003 - Opnir fundir heimastjórnar Fljótshéraðs 2024

Fyrir liggur tillaga að auglýsingu um opna samtalsfundi heimastjórnar á Fljótshéraði í apríl.



Heimastjórn Fljótshéraðs samþykkir að halda opna samtalsfundi á Fljótshéraði á eftirfarandi tímum í apríl:

- Í Brúarási þriðjudaginn 16. apríl. klukkan 20.00 til 21.30.
 - Í Fellaskóla miðvikudaginn 17. apríl klukkan 17.00 til 18.30.
 - Í Eiðar gistihúsi (gamla barnaskólanum) 17. apríl klukkan 20.00 til 21.30.
- Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að mæta og eiga samtál við fulltrúa heimastjórnar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Björgvin Stefán Pétursson yfirgaf fundinn kl. 11:58, við umfjöllun um lið 2 Landbótastjóður 2024, en hann sat fundinn að öðru leyti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:35

